REITUN
Lánshæfismat

Yfirlit sveitarfélaga

Desember 2017

2016 (ma.kr., þús.kr., % eða hlutfall (x))	Kópavogur	Hafnarfjörður	Reykjavík A&B	*Reykjavík A hluti*	Akureyri	Árborg	Fjarðabyggð	Fljótsdalshérað	Garðabær	Mosfellsbær	Norðurþing	Reykjanesbær	Vestmannaeyjar
Tegund mats	Opinbert	Opinbert	Skugga	*Skugga*	Skugga	Skugga	Skugga	Skugga	Skugga	Skugga	Skugga	Skugga	Skugga
Einkunn	[redacted]	BBB1	i.A1	*i.A1*	BBB1	BBB2	BB2	BB3	i.A1	BBB1	BBB3	BB1	i.A1
Miðja líklegs vaxtaálags umfram ríki	1,05%	1,55%	1,05%	*1,05%*	1,55%	1,60%	2,65%	3,00%	1,05%	1,55%	1,95%	2,30%	1,05%
Greiðslufallslíkur	0,26%	1,10%	0,26%	*0,26%*	1,10%	1,60%	5,40%	11,90%	0,26%	1,10%	3,10%	5,30%	0,26%
Fjöldi íbúa	35.234	28.678	123.133	*123.133*	18.490	8.471	4.692	3.490	15.250	9.757	3.000	16.359	4.290
Staðsetning (1-3)	1	1	1	*1*	1	2	2	2	2	1	2	2	2
Efnahagsleg umhverfi (1-3), 1= lítil áhætta	2	2	2	*2*	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Vxt.br. skuldir/Tekjur (x)	1,2	1,0	1,3	*0,30*	0,8	1,0	0,8	1,7	0,3	1,0	0,9	1,1	0,1
Vxt.br. skuldir 2016/EBITDA (meðaltal sl. 3 ár)	9,1	9,8	6,95	*-223,0*	7,3	8,6	4,4	8,4	2,7	9,1	10,6	6,1	1,2
Hb. fé frá rekstri/Tekjur	13,2%	9,3%	19,7%	*6,5%*	9,8%	15,5%	19,0%	16,9%	10,9%	10,2%	10,2%	18,5%	19,8%
Vxt.br. skuldir 2016/Hb. fé frá rekstri (meðaltal sl. 3 ár)	11,4	16,8	6,9	*6,7*	7,4	8,8	4,5	12,1	3,5	14,2	11,2	7,6	0,6
Vxt.br. skuldir pr. íbúa (þús kr.)	939	845	1.653	*247*	932	932	1.069	1.929	320	894	1.172	1.267	111
Skatttekjur pr. íbúa (þús kr.)	597	594	616	*620*	542	512	696	544	619	557	533	521	584
Eignfærðar væntar tekjur (1-3), 3=óvissa/lítið	2	3	3	*3*	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Eiginfjárhlutfall (x)	28%	17%	44%	*48%*	44%	25%	30%	6%	56%	29%	9%	14%	58%
Veltufjárhlutfall (án ónýttra lánalína) (x)	0,64	0,61	1,13	*1,57*	0,98	0,61	0,51	0,38	1,25	0,74	1,89	1,04	7,38
Vxt.br. skuldir ma.kr.	33,1	24,2	203,5	*30,5*	17,2	7,9	5,0	6,7	4,9	8,7	3,5	20,7	0,5
Veltufé frá rekstri/Tekjur	13,0%	15,7%	22,0%	*10,9%*	11,7%	13,7%	18,9%	17,1%	20,5%	12,2%	14,7%	21,9%	22,9%
Vxt.br. skuldir/Veltufé frá rekstri (x)	9,2	18,0	5,9	*2,8*	6,5	7,5	4,3	9,9	1,7	7,9	6,0	4,9	0,4
Skuldir og skuldbindingar/Tekjur	156%	170%	187%	*83%*	106%	142%	143%	209%	79%	123%	178%	232%	106%

Horfur betri fyrir sveitarfélög – Mörg þeirra treysta mögulega um of á skatttekjur af ferðaþjónustufyrirtækjum

Reitun hefur uppfært þau skuggamöt sveitarfélaga sem fylgst er með. Litlar breytingar voru á mötunum frá því á síðasta ári. Í ljósi samkomulags við lánardrottna þótti ástæða til að breyta neikvæðum horfum í stöðugar hjá Reykjanesbæ.

Rekstur sveitarfélaganna almennt gekk betur á síðasta ári en árið þar á undan. Ekkert var rekið með halla. Áframhaldandi hagvexti er spáð þótt hann verði ekki eins mikill og 2016.

Launakostnaður hefur aukist nokkuð vegna kjarasamninga sem gerðir voru og þá má gera ráð fyrir launaskriði eins og almennt hefur verið bæði á almenna og opinbera markaðnum.

Horfur sveitarfélaga góðar en lánshæfi stendur í stað

Við framkvæmd skuggamata er ávalt gætt aukinnar varúðar þar sem óvissan er meiri en við gerð opinberra lánshæfismata. Líklegt er að varúðarsjónarmiðið geti haft áhrif á einkunnargjöf til lækkunar.

Skuggamöt ættu hinsvegar ekki að vera mikið frábrugðin þeim lánshæfismötum sem fjárfestar gera sjálfir og byggð eru á opinberum upplýsingum. Hámarkseinkunn Reitunnar á skuggamötum er i.A1 . Öðru máli gildir um opinber möt þar sem greinendur Reitunar hafa aðgengi að stjórnendum og þeim upplýsingum sem máli skipta við lánshæfismatið og einkunnargjöfina.

Við einkunnargjöf sveitarfélaga er horft til matsgrindar og skoðunar greinanda. Matsnefnd sem endanlega ákveður einkunn tekur líka tillit til dreifingar til að hún sé sem sanngjörnust.

Reitun ehf.
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
www.reitun.is

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á lánshæfi er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, s.s.lánasamningar, starfsreglur og fjárhagslegar sundurliðanir auk annarra upplýsinga sem og annarra aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar ekki tekið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspegla skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að lánshæfismat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Verðmöt og greiningar eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.